

Aðalfundur Félags lóðarhafa að Kiðjabergi
Haldinn 14.5.2023 kl. 13 í golfskálanum í Kiðjabergi

Snjólfur Ólafsson, formaður félagsins, setti fundinn. Mættir voru fulltrúar 47 lóða. Gengið var til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Hjörleifur Kvaran var kjörinn fundarstjóri og Bjarni Sigurðsson fundarritari. Fundarstjóri byrjaði á því að bæta við liðnum „önnur mál“ sem láðst hafði að setja í fundarboð. Einnig tók fundarstjóri fram að samkvæmt lögum félagsins hefði aðalfundur átt að vera haldinn fyrir 1. apríl en m.a. vegna fjarveru félagsmanna í vor taldi stjórn að betra væri að seinka fundi til að sem flestir gætu mætt. Fundargestir gerðu ekki athugasemd við þetta fyrirkomulag.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.

Snjólfur Ólafsson flutti skýrslu stjórnar. Auk hans voru í stjórn félagsins á árinu Kristín Eysteinsdóttir, gjaldkeri, og Bjarni Sigurðsson, ritari. Varamenn voru Bergur Sandholt og Hlín Ástþórsdóttir. Bæði aðal- og varamenn voru boðaðir á stjórnarfundi.

Góugleði var haldin á ný 5. mars 2022, en hún féll niður 2020 og 2021. Snjólfur velti upp möguleikanum á að breyta tímasetningu og fyrirkomulagi í gleðinnar ljósi þess að félagar væru margir fjarverandi á þessum tíma árs.

Fór hann yfir stöðuna á leiksvæðinu, aðdragandann, þróun og stöðuna í dag. Grunnútfærsla og kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Nánast er búið að klára göngustíginn milli lóða 60/61 og 66/67.

Varðandi loftför í landi Kiðjabergs er það mál tekið fyrir í lið 12.

Öryggismyndavél við gamla gámasvæðið er ekki virk og hefur ekki verið í mörg ár. Stjórn sá ekki að heimilt væri með óyggjandi hætti að vakta þennan veg, sem ekki er í eigu FLK, ýmsum vandkvæðum bundið að nýta upptökur vegna

persónuverndarsjónarmiða og vafasamt að upptökur kæmu að gagni enda bara hluti aðkomuvegar vaktaður. Enn er þó greitt fyrir rafmagn svo möguleikinn á uppsetningu nýrrar vélar er fyrir hendi.

Varðandi vegagerð þá sá félagið lengi vel ekki um botnlanga svæðisins en það breyttist fyrir nokkrum árum og var ýmissi vinnu við botnlanga lokið 2022. Frekari vinna skoðuð eftir því sem þurfa þykir.

Snjómokstur hefur verið í höndum Baldurs Sigurjónssonar. Félagið borgar fyrir stofnvegina þrjá, ekki botnlanga. Verð fyrir þjónustuna hefur verið á reiki og virðist ekki endilega í samhengi við umfang botnlanga. Engin rukkun hefur borist vegna vinnunnar þetta árið, hvorki til félagsins né einstakra lóðarhafa eftir því sem næst verður komist. Félagið hefur þó kallað eftir uppgjöri. Skilaboðin frá Baldri um hvernig best sé að hafa samband við hann varðandi snjómokstur hafa verið nokkuð óljós.

3. **Endurskoðaður ársreikningur félagsins lagður fram til samþykktar.**

Tekjur voru upb 6,8 milljónir, þar af 6 milljónir vegna félagsgjalda. Veghaldsstyrkur frá Grímsnes- og Grafningshreppi voru kr. 350.000. Stærstu útgjaldaliðir voru vegaf framkvæmdir upp á kr. 3,2 milljónir en það er vegna framkvæmda bæði 2021 og 2022. Stígavinna var upp á kr. 2,5 milljónir en það er einnig vegna framkvæmda síðustu tvö ár í samvinnu við golfklúbbinn. Viðhald á vatnsdælu voru kr. 850 þúsund en sá kostnaður er mjög breytilegur, síðustu tvö ár var hann enginn. Rafmagn vegna vatnsdælu voru kr. 660 þúsund, sem er vegna síðustu tveggja ára. Gjald til Landsambands sumarhúsaeigenda var kr 180 þúsund. Eins og áður er nefnt er enn greitt fyrir rafmagn í eftirlitsmyndavél á gamla gámasvæðinu. Afskriftir vatnsveitu eru 5% á ári, kr. 750.000. Alls var því tap á rekstri upp á upb 2 milljónir sem að mestu leyti er vegna framkvæmda frá árinu 2021.

Heildareignir félagsins námu rúmlega 21 milljón, þar af nemur innistæða á banka tæplega 12,5 milljónum. Félagið var skuldlaust um áramót. Eigið fé í lok árs nam því sömu upphæð og eignir þess.

Ársreikningur félagsins var samþykktur samhljóða.

4. **Kosning formanns og tveggja annarra stjórnamanna.**

Snjólfur Ólafsson og Kristín Eysteinsdóttir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Stefán Pétursson bauð sig fram til formanns, kynnti sig og sinn starfsferil. Bjarni Sigurðsson og Sigrún Sjöfn Helgadóttir gáfu kost á sér í stjórn. Voru þau öll kjörin með lófataki.

5. **Kosning tveggja varamanna í stjórn.**

Hlín Ástþórsdóttir og Bergur Sandholt gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Magnús Magnússon og Sigurlína Gunnarsdóttir voru kosin með lófataki í þeirra stað.

6. **Kosning skoðunarmanns reikninga og varamanns hans.**

Hjörleifur Kvaran gaf áfram kost á sér og Snjólfur Ólafsson bauð sig fram sem varamann, hlutu þeir báðir kosningu með lófataki.

7. **Tillaga stjórnar um gerð leiksvæðis.**

Snjólfur Ólafsson kynnti stöðu þessa máls. Grunnhönnun nánast lokið, það hann einnig um athugasemdir og ábendingar félagsmanna. Áhersla er lögð á öryggisatriði og endingu. Fór hann í gegn um grunnhugmyndina að útfærslu og notkun. Ábendingar bærust um að hugað yrði að því hver ábyrgðarhluti félagsins verði mtt. slysa oþh. Stefán Pétursson benti á að verkið sé á framkvæmdaáætlun en nákvæm útfærsla bíði ákvörðunar nýrrar stjórnar og mögulega verði kallað til sérstaks fundar um það mál.

8. **Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir 2023.**

Snjólfur Ólafsson gerði grein fyrir rekstrar- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2023.

Tekjur verða væntanlega sambærilegar við fyrra ár. Ýmsir útgjaldaliðir eru í eðli sínu óljósir, td. vatnsveitan, snjómokstur, vega- og stígaframkvæmdir. Einnig óljóst með kostnað við grunnvinnu leiksvæðis, jarðvegsskipti oþh. Áætlað er að tap verði á rekstrinum og þá aðallega vegna leiksvæðisins. Áætlunin var samþykkt samhljóða.

9. **Ákvörðun um árgjald til félagsins fyrir 2023.**

Stjórn lagði til óbreytt árgjöld. Tillaga kom fram um hækkun árgjalda vegna almennra verðhækkana. Þó var einnig bent á að ekki eigi að safna í digra sjóði heldur taka stærri framkvæmdir fyrir á sérstökum fundum eftir því sem þurfa þykir. Lögð var til hækkun á gjöldum í kr. 50.000 fyrir lóðir með vatni og kr. 37.000 fyrir lóðir án vatns, sem var samþykkt samhljóða.

10. **Grenndarstöðvar og fleira tengt GOGG (Grímsnes OG Grafningshreppur).**

Snjólfur Ólafsson fór yfir málin. Hann er formaður í Samtökum frístundahúsafélaga í GOGG. Sumarhúsaeigendur greiða alls upp. 700 milljónir í fasteignagjöld, upphæðin er mun lægri frá íbúum sveitarfélagsins. Þetta er óvenjuleg staða sveitarfélags. Þetta eru skattar en ekki gjöld og því ekki hægt að reikna með að fá tilsvarendi þjónustu til baka, eins og ef um eiginleg gjöld væri að ræða. Þessi skattur fer í rekstur almennrar þjónustu, það eina sem kemur beint til baka er veghaldsstyrkurinn upp á kr. 350.000. Varðandi sorphirðu, gáma- og grenndarstöðvar þá fer staðan batnandi en þarf enn að bæta. Var bent á að fjölga þyrfi gámum á grenndarsvæðinu og girða það af, enda ótækt að rusl fjúki burt af svæðinu.

11. **Styrkur að upphæð 50-100 þ.kr. til Hjálparsveitarinnar Tintron í Grímsnesi.**

Hjálparsveitin er að fjárfesta í tveimur Can Am fjórhjólum. Fundarmenn tóku vel í þetta mál sem bíður afgreiðslu nýrrar stjórnar.

12. **Þyrluflug í landi Kiðjabergs.**

Aðalfundur 2021 samþykkti eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur lóðarhafa í Kiðjabergi haldinn 5. mars 2022 samþykkir að loftförum, hverju nafni sem nefnast, verði bannað að athafna sig í landi Kiðjabergs.“

Fráfarandi stjórn hefur skoðað málið og ma. haft samband við Samgöngustofu. Fannst stjórn eftir þá skoðun að tillagan væri of almennt orðuð, t.d. væri óeðlilegt að FLK samþykkti bann við að drónar væru notaðir til að mynda golfvöllinn. Það væri vandséð hvernig hægt yrði að takmarka landnotkun einstakra eigenda og

Óljóst hvernig ætti að framfylgja slíku banni. Bent var á að hægt sé að kvarta til Samgöngustofu fari ónæði af þyrluflugi yfir eðlileg mörk, á grundvelli grenndarréttar.

Pórhalli Einarsson tók fram að Kiðjaberg ehf banni þyrlulendingar í landi félagsins. Töluverðar umræður urðu um þetta mál og töldu fundarmenn að einfalt væri að banna þyrluflug, ma. með vísan í lög um frístundabyggð. Stefán Pétursson sagði að ný stjórn muni taka við þessu máli og vinna áfram.

13. Önnur mál.

Ýmis mál voru reifuð. Lagt til að beina því til sveitarfélagsins að farið verði í minkaveiði í landi Kiðjabergs, sést hafa dýr á sundi í læknum. Bent var á að heita vatnið hafi lækkað að hitastigi en hækkað í verði. Varðandi kalda vatnið tók Guðmar Sigurðsson fram að vandamál með vatnsprýsting síðastliðna páska hafi leyst af sjálfu sér, engin ástæða fannst en mögulega var sírennsli einhvers staðar. Almennt séð er frágangur við heimaæðar algerlega óljós og ekkert eftirlit með því, sem er slæmt. Rætt var um möguleikann á því að setja loka á grunntengingar svo staðsetja megi blæðingar, amk. þannig að ljóst sé hvar í kerfinu þær eigi sér stað. Lagt var til að umgengnisreglur félagsins verði sendar á hvern og einn lóðarhafa, plastað og á íslensku og ensku. Bent var á að reglurnar séu nú þegar aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Einnig var minnst á að meðferð flugelda væri bönnuð skv. samþykkt frá síðasta aðalfundi á meðan í umgengnisreglum væri enn fjallað um að „fyllstu varkárni og öryggis“ verði gætt við meðferð flugelda.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 14:50.